

Brim hf.  
Jörgen Sverrisson  
Hafnarbyggð 7  
690 Vopnafirði

Reykjavík, 8. mars 2021  
UST202001-417/G.F.  
08.10.02

### **Varðar þykktarmælingar á geymum fiskimjölsverksmiðju Brims hf. á Vopnafirði**

Umhverfisstofnun bárust þann 29. september sl. þykktarmælingar á lýsisgeymum nr. 1 og nr. 2. í fiskimjölsverksmiðju Brims hf. á Vopnafirði.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli A. Guðmundsson hjá NDT ehf. þann 15. og 29. apríl 2019. Notaður var Olympus 45 Mhz þykktarmælir, ser# 130177407, með 3 mm, 6 mm og 9 mm stilliklossa til kvörðunar.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymarnir eru ómálaðir að innan. Í geymi nr. 1 hefur botn víða verið tvöfaldaður með allskyns bótum og er uppbygging platna óvenjuleg. Í geymi nr. 2 er létt tæring á yfirborði platna en engin meiriháttar tæring sást. Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymanna.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geymunum  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Afrit:  
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis